

Athugasemdir um yfirlýsingu „Trans“ Ísland

Í yfirlýsingu frá félagsskapi, sem kallar sig „Trans“ Ísland, og birtist í DV 12. ágúst sl. vegna nýlegrar greinar minnar um kynröskun stúlkna á Vísi, er á það bent, að útgáfa alþjóðasjúkdómaskrárinnar (ICD –International Classification of Diseases) sé ekki nefnd. Það hefði ég vitaskuld getað gert. Bæti úr því hér með. Um er að ræða „ICD-10,“nánar tiltekið greiningarauðkennin F64.9 og F66.0.

Í yfirlýsingunni stendur: „[E]n í grein hans er trans fólk [er] ranglega sagt vera með raskanir og brenglanir og vísar Arnar í ICD-sjúkdómsflokkunarkerfið sér til stuðnings.“ Það er rangt. Greiningarkerfið er nefnt lesendum til fróðleiks. Það er krafa stjórnvalda, að kerfið sé notað í heilbrigðisþjónustunni. Þar fá allir sjúkdómsgreiningu. Reyndar er það notað miklu víðar eins og í skólakerfinu. Slíkir listar hafa aldrei skipt sköpum fyrir mannskilning minn eða faglegan. Ég hef aldrei aðstoðað sjúkdómsgreiningar, heldur fólk í vanda. Það gera vafalaust miklu fleiri. Þegar skyggst er bak við sjúkdómsgreininguna kemur maðurinn í ljós. Það er hann, sem skiptir máli.

Það má ástunda alls konar sjónhverfingar með orð. Umræddur heilbrigðisvandi hverfur ekki við það. Reyndar hefur hann aukist til muna á síðustu árum. Það er að mínum dómi skynsamlegast að horfast í augu við hann og grandskoða, hvar skórinn krepur. En brenglun hef ég hvergi nefnt.

Einnig gefur að lesa: „Í greininni er trans fólki blandað saman við aðra hópa hinsegin samfélagsins, líkt og við intersex fólk og dragdrottningar, og jafnvel er síð fólk (e. cisgender) talið til trans fólks, en hugtakið lýsir fólki sem er ekki trans.“ Í greininni er almennt fjallað um fólk, sem glímir við kynröskun/kynvansæld/kynóvissu af alls konar tagi (þar er um að ræða nokkra undirhópa) og kynskiptastúlkur sérstaklega – eða öllu heldur þá kynskiptabylgju ungra stúlkna, sem nú ríður yfir. Það eru dæmi um, að stúlkubörn (og drengir) jafnvel séu sprautuð með kynvökum. Það er fullkomlega óábyrg og skaðleg heilbrigðisþjónusta.

Orðið, „cisgender,“ kom inn umræðuna fyrir um einum og hálfum áratugi síðan eða svo – í Þýkalandi, muni ég rétt. Nú orðið virðist „cisgender,“ fyrst og fremst vísa til fólks, sem telur kynvitund í samræmi við eðliskyn, en ekki nauðsynlega í samræmi við hefðbundna kynhneigð. En sá undirhópur kvenfrelsara, sem trúir, að ekki sé til eðliskyn, þ.e. heldur því fram, að kyn sé hugsmíð einvörðungu, þrátt fyrir meðfædda gerð kynfæra, hefur því skiljanlega bent á, að allir, sem finna til vansældar með eðliskyn sitt, séu „cisgender.“ Því er þetta orð tekið með í upptalningu um atriðisorð. En ég sé nú, að því hefði mátt sleppa.

Í yfirlýsingu félagsskaparins er sagt um grein mína, að hún sé „lítið annað en níð gagnvart trans fólki og jaðrar við hatursorðræðu.“ Þetta er kunnugleg fórnarlambspula. Túlkunin greinarinnar er hryggileg. Það er beinlínis grátbroslegt, að félagsskapurinn vilji gera mig að andskota sínum og samtímis kynda undir eigin fórnarlambshugsunarhætti. Væri ekki affararsælla að spreyta sig á málefnalegum efnistöfum og temja sér gott siðferði í umræðu um kynvanda barna og ungmenna, og stuðla þannig áfram að samfélagi „þar sem mannleg reisn, gagnkvæm virðing og mannréttindi eru í hávegum höfð“ eins og nefndur félagsskapur tekur til orða. Allavega hjálpar það ekki kynskiptafólki að ata mig auri, enda þótt í því geti falist tilfinningaleg fullnæging, meðan gusan gengur. Í anda umræðuskynseminnar er ég þess alþúinn að spjalla við títtnefndan félagsskap og ræða kyn í hvívetna. Góðar kveðjur.

Höfundur er sérfræðingur í klínískri sálfræði og sálgreiningu m.m., nú ellilífeyrisþegi.

